

V/4.13

|   |  |                                  |
|---|--|----------------------------------|
| <b>RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</b>  | <b>SKÝRSLA</b><br><b>YFIRHEYRSLA</b><br><b>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR</b> | <b>RLS</b>                       |
| Skýrslu gerir<br><b>Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi</b>   |  | Mál nr.<br><b>006-2002-00086</b> |
| Staður og stund:<br><b>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, þriðjudaginn 3. maí 2005, kl. 09:20</b> |  |                                  |
| Sakarefni:<br><b>Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald</b>                                  |  |                                  |
| Sakborningur/grunaður:<br><b>Jón Ásgeir Jóhannesson</b>   |  | Kennitala:<br><b>270168-4509</b> |
| Starf/staða:<br><b>Forstjóri Baugs Group hf.</b>  |  | Vinnusími:                       |
| Lögheimili:<br><b>Laufásvegur 69, Reykjavík</b>   |  | Sími:<br><b>696 9999</b>         |
| Dvalarstaður:   |  | Sími:                            |

Jón Ásgeir er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs þann 15. júní 2001, sem og viðskipti Baugs hf með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs hf á A-Holding, dótturfélagi Baugs hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að 95 milljón króna greiðslan hafi verið til rannsóknar með tilliti til ákvæða 247. gr. alm. hgl. sem varðar fjárdrátt.

Jóni Ásgeiri er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hann ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kys að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstaddur yfirheyrsluna er Gestur Jónsson, hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs.

Jón Ásgeir kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig.

Viðstaddur yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi.

Í upphafi yfirheyrslu leggur Gestur Jónsson hrl. fram ósk um aðgang að öllum gögnum/skjölum er varða opinbera rannsókn á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.

Jóni Ásgeiri er kynnt að þann 15. júní 2001, hafi 95 milljón króna greiðsla borist frá Baugi hf. inn á bankareikning Kaupthings Bank Luxembourg nr. 1100-26-454080 hjá Sparisjóðabanka Íslands.

Jóni Ásgeiri er jafnframt kynnt að í bókhaldi Baugs hafi umrædd greiðsla kr. 95.000.000 frá 15. júní 2001 verið færð sem krafa vegna útlagðs kostnaðar vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia á bókhaldslykil nr. 61152. Textinn á færslunni var “Ráðgjöf v/A-holding” og fylgiskjal að baki færslunni var útskrift á tölvupósti frá JÁJ til linda@baugur.is þar sem fyrirmæli voru um að greiða fyrrgreinda fjárhæð inn á reikning Kaupþings Ármúla. Inn á þessa útprentun á tölvupóstinum hefur verið handskrifað m.a. “eignfæra”, “Ráðgjöf v/A-holding”, “Viðskiptafæra á Baug Holding” og loks “Vantar reikning”. Umrætt fylgiskjal er jafnframt borið undir Jón Ásgeir.

Jón Ásgeir er nú beðinn um að gera grein fyrir þessari greiðslu og bókunarmáta hennar hjá Baugi hf.

Jón Ásgeir segir að Hreinn Loftsson formaður stjórnar Baugs Group hf. hafi með greinargerð dags. 28. maí 2004 fjallað um þessa greiðslu og kveðst Jón Ásgeir vísa til skýringa sem þar koma fram. Jón Ásgeir kveðst engu við þær skýringar hafa að bæta. Jón Ásgeir segir að hann hafi haft fullt umboð stjórnar Baug hf. þess efnis að breyta samningi dags. 4. apríl 2001 þannig að ekki væri farið út fyrir ramma þess samnings hvað varðar fjárhæðir. Jón Ásgeir segir að greiðslur til hluthafa A-Holding skv.

g

*[Handwritten signature]*

samningi dags. 10. maí 2001 hafi verið um 500 milljónum króna lægri en verið hefði skv. samningi dags. 4. apríl 2001. Jón Ásgeir segir að í samningunum hafi verið gert ráð fyrir grunnverði inn í A-Holding, álagi, kostnaði og þóknun fyrir að falla frá rétti (Call-options) skv. samningi dags. 4. apríl 2001.

Undir Jón Ásgeir er borinn reikningur sem gefinn var út af Baugi þann 28.02.2002, reikningurinn er nr. SR05724, stílaður á A-Holding. Virðist sem þar sé færð skuld á A Holding fyrir útlögðum kostnaði, samtals að fjárhæð 425,3 mkr. Jóni Ásgeiri er bent á að í sundurliðun reikningsins komi fram fjárhæðin 95.000.000 króna með skýringunni "Paid to Kaupthing (GBP 710.015)". Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða reikning frá móðurfélagi til dótturfélags. Jón Ásgeir kveðst á ný vísu til greinargerðar Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004 varðandi frekari skýringar.

Fyrir Jón Ásgeir eru lögð gögn úr bókhaldi Baugs hf. varðandi færslur á fjárhæð kr. 425,3 milljónir.

Jón Ásgeir segir að þessi gögn gefi ekki skýra mynd af þessari færslu en segir að gögn úr bókhaldi A-Holding myndu sýna ljósar ástæður þessarar færslu í bókhaldi Baugs hf. Jón Ásgeir segir að honum komi á óvart að lögregla hafi ekki undir höndum gögn frá A-Holding sem skýra þessa færslu.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvaða gögn úr bókhaldi A-Holding hann sé að vísa til.

Jón Ásgeir segir að hann hafi sent lögreglu greinargerð dags. 21. september 2004 þar sem fram komi skýringar hans varðandi þessa færslu að fjárhæð kr. 95 milljónir. Jón Ásgeir kveðst vísa til 4. tl. þessarar greinargerðar. Jón Ásgeir segir aðspurður að í bókhaldi A-Holding sé að finna skjöl sem staðfesti skýringar hans sem fram koma í greinargerð hans dags. 21. september 2004.

Jón Ásgeir er spurður hvenær færslur hafi verið gerðar í bókhaldi A-Holding sem hann vísar til.

Jón segir að hann hafi ekki fylgst nákvæmlega með hvernig færslur hafi verið í bókhaldi A-Holding en kveðst telja að það hafi verið gert um svipað leyti og reikningur barst frá Baugi hf. Jón Ásgeir segir að skipting sú sem fram kemur í 4. tl. greinargerðar hans dags. 21. september 2004 hafi verið skýr í hans huga frá upphafi.

Undir Jón Ásgeir er borinn tölvupóstur frá Önnu Þórðardóttur til Tryggva Jónssonar frá 01.11.2001, sem fannst við rannsókn lögreglu á tölvu Tryggva. Í tölvupóstinum er Anna að fjalla um uppsetningu á bókhaldi Baugs Holding og A Holding. Viðhengi með tölvupóstinum er fundargerð frá fundi í Luxembourg.

Fundargerðin sem send var sem viðhengi með tölvupóstinum er dagsett þann 27.09.2001 og fundarmenn sagðir hafa verið Tryggvi Jónsson og Jóhanna Waagfjörð frá Baugi, Magnús og Eggert frá Kaupþingi Lux og Anna Þórðardóttir frá KPMG. Í umræddri fundargerð kemur m.a. fram "95 millj. kr. voru greiddar til Kaupþings af Baugi hf. Tryggvi vissi ekki hvaða greiðsla þetta var en hann ætlar að ræða málið við Jón Ásgeir." Jón Ásgeir er spurður hvort hann kunni einhverjar skýringar á því að yfirmönnum á fjármálasviði Baugs og endurskoðendum hafi ekki verið kunnugt um þessa 95 milljón króna greiðslu.

Jón Ásgeir segir að hann hafi haft með viðskipti í Arcadia að gera fyrir hönd Baugs hf. og Tryggvi Jónsson hafi ekki fylgst með viðskiptum þar enda hann upptekinn vegna málefna tengdum Bonus stores í Bandaríkjunum þar sem hann dvaldi langdvölum á þessum tíma. Jón segir að það hafi verið skýrt að greiðsla að fjárhæð kr. 95 milljónir frá Baugi hf. til Gaums Holding hafi verið vegna A-Holding. Jón

Ásgeir segir að hann hafi ekki fylgst náið með því hvernig færslur vegna þessa voru í bókahaldi Baugs hf.

Jón Ásgeir er spurður hvort að Tryggvi Jónsson hafi leitað til hans vegna skýringa á greiðslunni eins og fram kemur í fundargerðinni. Hann er beðinn um að gera grein fyrir því sem þeim fór á milli.

Jón Ásgeir segir að hann muni ekki hvort Tryggvi leitaði skýringa á þessari greiðslu frá Baugi hf. til Gaums Holding.

Jóni Ásgeiri er kynnt að við rannsókn lögreglu hafi komið í ljós að umrædd 95 milljón króna greiðsla hafi ekki runnið til Kaupþings Luxembourg, heldur sem hlutafjárframlag Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Gaums ehf til FBA Holding SA, dótturfélags Orca SA, en Jón Ásgeir og Gaumur ehf hafi átt u.þ.b. 25% eignarhlut í Orca SA, á þessum tíma. Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessu.

Jón Ásgeir segir að ljóst sé að greiðsla að fjárhæð kr. 95 milljónir rann til Gaums Holding vegna uppgjors á viðskiptum Baugs hf. vegna A-Holding. Jón Ásgeir segir aðspurður að ráðstöfun Gaums Holding á fjárhæðinni þurfi að skýrast af Gaumi Holding.

Jón Ásgeir er spurður hvort endurskoðendur Baugs hf. hafi gert athugasemdir vegna færslu 95 milljón króna greiðslunnar við hann, sem forstjóra félagsins, ef svo er þá í hvaða formi það hafi verið gert.

Jón Ásgeir segir að hann minnst þess ekki að starfsmenn KPMG hafi gert athugasemdir við hann vegna þessa.

Kl. 10:29 er gert stutt hlé á yfirheyrslu.

Kl. 10:41 er yfirheyrslu framhaldið.

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir fjárfestingarstefnu Baugs hf. og aðkomu stjórnar félagsins að henni á tímabilinu 2000-2001.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki tjáð sig um fjárfestingarstefnuna frá þessum tíma. Jón Ásgeir segir að hann þurfi að finna hana í skjölum Baugs hf. til þess.

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum stjórnar Baugs hf. í tengslum við viðskipti er varða kaup Baugs og annarra íslenskra aðila á hlutabréfum í Arcadia og stofnun félagsins A-Holding, gagngert til að halda utan um fjárfestinguna í Arcadia. Til upprifjunar og hliðsjónar eru fundargerðir stjórnar Baugs hf., frá 12.01.2001, 29.01.2001, 16.03.2001 og 04.05.2001 bornar undir Jón Ásgeir, en samkvæmt þeim fundargerðum sat hann þá fundi.

Jón Ásgeir segir að hann treysti sér ekki til þess að svara þessari spurningu nema kynna sér í næði framlagðar fundargerðir stjórnar Baugs hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að lögregla hafi í þágu rannsóknar málsins fengið afhentan hluthafasamning hluthafa A-Holding, frá 4. apríl 2001. Jafnframt var þann sama dag gerður samningur "Deed of Call Option" sem er á milli Baugs og A-Holding. Þar fær Baugur kauprétt í hlutabréfum A-Holding í Arcadia á fyrirfram skilgreindu verði á fyrirfram skilgreindu tímabili, þ.e. að Baugur ætti rétt á að kaupa öll hlutabréf A-Holding í Arcadia með 34% álagi á kostnaðarverð A-Holding, fyrir þann 28. febrúar 2002, auk þess sem Baugur tæki á sig þann kostnað sem A-Holding hafði haft vegna hlutabréfanna, samanber tl. 3.C í samningnum. Jón Ásgeir er spurður hvort hann þekki þessa samninga aftur og er hann beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinni að gerð samninganna.

Jón Ásgeir segir að hann þekki þessa samninga mjög vel enda hafi hann séð um Arcadia viðskiptin fyrir hönd Baugs hf. auk þess sem hann hafi einnig séð um viðskiptin fyrir Gaum Holding.

Samkvæmt gögnum sem Hreinn Loftsson hefur afhent lögreglu var þessi kaupréttarsamningur ekki nýttur af hálfu Baugs heldur gert nýtt samkomulag um yfirtöku Baugs á A-Holding. Í því sambandi er kaupsamningur dags. 10. maí 2001, borinn undir Jón Ásgeir, en samkvæmt honum keypti Baugur alla hluti í A-Holding með 16% álagi og greiddi með hlutabréfum í Baugi á genginu 12,6. Verðið er skilgreint í 2. gr. samningsins og útreiknað á Schedule 1 með samningnum, og þar skipt á hluthafa ásamt greiðslu með hlutabréfum í Baugi. Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir aðkomu sinni að þessum samningi og spurður hvernig fjallað hafi verið um þennan nýja samning af hálfu stjórnar Baugs.

Jón Ásgeir segir að hann vilji koma á framfæri að þau bréf sem hluthafar A-Holding fengu í Baugi hf. hafi verið skilyrt þannig að ekki mátti selja bréfin fyrr en í janúar 2002. Jón Ásgeir vísar í þessu sambandi til kafla 4. B. í samningi dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir kveðst hafa komið að gerð þessa samnings fyrir hönd Baugs hf. Aðspurður kveðst hann minna að hann hafi einn komið að þessum samningi. Aðspurður segir Jón Ásgeir að Tryggvi Jónsson hafi ekki komið að þessum samningi. Varðandi umfjöllun í stjórn Baugs hf. um samninginn frá 10. maí 2001 segir Jón Ásgeir að meiri umfjöllun hafi verið á stjórnarfundi 4. maí en fram komi í fundargerð þess fundar. Jón Ásgeir óskar að fá að skoða fundargerð næsta stjórnarfundar á eftir fundi dags. 4. maí 2001. Fyrir Jón Ásgeir er lögð fundargerð dags. 11. júní 2001. Jón Ásgeir kveðst hafa verið með kynningar fyrir stjórnina vegna þessara samninga en kveðst ekki muna efnislega hvað komið hafi fram umfram það sem bókað er í fundargerðunum.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi borið upp á fundum stjórnar Baugs að greiddar yrðu sérstakar bætur eða þóknanir til hluthafa í A-Holding SA, fyrir að falla frá ákvæðum um álag á hlutabréf í Arcadia, samkvæmt samningi dags. 4. apríl 2001.

Jón Ásgeir segir að ljóst hafi verið að kostnaður væri því samhliða að fá hluthafa í A-Holding til að falla frá ákvæðum um 34% álag á hlutabréf í Arcadia og hafi hann kynnt það í stjórn Baugs hf. Jón Ásgeir segir að hann hafi haft heimild stjórnar Baugs hf. til að ganga frá samningi við aðra hluthafa í A-Holding sem væri innan þess kostnaðarramma sem samningurinn frá 4. apríl 2001 setti. Jón Ásgeir segir að sérstök umfjöllun hafi einnig verið í skýringu nr. 17 með ársreikningi fyrir reikningsárið 1.1.2001-28.2.2002 sem samþykktur var með öllum greiddum atkvæðum á aðalfundi. Jón Ásgeir segir að umboð hans hafi ekki verið takmarkað að öðru leyti en hann skyldi halda sig innan kostnaðarramma samningsins frá 4. apríl 2001.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Hreinn Loftsson hafi afhenti lögreglu greinargerð dags. 28.05.2004, ásamt fylgigögnum. Greinargerðin er undirrituð af Hreini Loftssyni sem formanni stjórnar Baugs Group hf. Í þeirri greinargerð leitast hann við að skýra ákveðna þætti rannsóknarinnar, m.a. þann þátt sem snýr að 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs, dags. 15.06.2001.

Í 4. tl. greinargerðarinnar, sem lýtur að 95 milljón króna greiðslunni, kemur m.a. eftirfarandi fram:

*“Auk kostnaðar, sem A-Holding greiddi samkvæmt e-lið 2. gr. samningsins, fengu stofnahluthafar sérstaka greiðslu frá Baugi, m.a. á grundvelli 5. gr., fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu.”*

Jóni Ásgeiri er kynnt að Hreinn hafi sagt við yfirheyrslu hjá lögreglu að í greinargerð sinni hafi hann verið að vísa til e-liðar 2. gr. samningsins frá 10. maí 2001 og 5. gr. sama samnings.

Jóni Ásgeiri er jafnframt kynnt að Hreinn Loftsson hafi við yfirheyrslu hjá lögreglu sagst ekki geta bent á neitt sérstakt orðalag í samningnum heldur hafi hann byggt þessar skýringar sínar á upplýsingum frá Jóni Ásgeiri og hafi Jón Ásgeir vísað í því sambandi til 5. gr. samningsins.

*Handwritten signature and stamp:*  
07130

Undir Jón Ásgeir er nú borin 5. grein sammingsins frá 10. maí 2001:

**“5. Costs and expenses**

*Baugur shall pay the costs and expenses incurred by all parties in relation to the negotiation, preparation, execution and carrying into effect of this Agreement, as well as all present and future stamp, documentary and other like duties and taxes (including, without limitation, stamp duty reserve tax), if any, to which this Agreement may be subject or give rise (including, without limitation, on any transfer of Shares and Bonds pursuant to the exercise of the Share transfer) and will indemnify the Sellers against any and all liabilities with respect to or resulting from any delay or failure by Baugur to pay any such duties or taxes”*

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir því hvar í greininni, eða í samningnum megi lesa það út að greiða eigi bætur til hluthafanna fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu.

Jón Ásgeir segir að sú breyting hafi ekki verið tiltekin í þessum samningi heldur hafi verið um viðbótarsamninga við hluthafana að ræða. Jón Ásgeir segir aðspurður að þeir samningar hafi verið munnlegir á milli hans og forsvarsmanna annarra stofnaðila A-Holding, þ.e. Bjarna Ármannsson hjá Íslandsbanka og Hreiðar Má Sigurðsson hjá Kaupþingi hf. Jafnframt kveðst Jón Ásgeir vísa til greinargerðar Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004 varðandi frekari skýringar.

Í 4. tl. greinargerðar Hreins Loftssonar frá 28.05.2004, kemur fram:

*“Jón Ásgeir hefur upplýst, að Gaumur Holding hafi a.m.k. átt rétt á hlutfallslega sömu greiðslu, endurgreiðslu kostnaðar og ábyrgðapóknunar, og hinir hluthafarnir [fskj. 23]. Reyndin hafi á hinn bóginn verið sú, að félagið hafi fengið hlutfallslega minna í sinn hlut en þeir. Fyrir liggur að Íslandsbanki-FBA fékk samtals 70 milljónir króna en átti 15% í A-Holding, Kaupþing fékk 384 milljónir króna en átti 27% [fskj. 24]. Greiðslan til Gaums Holding fór til FBA-Holding S.A. samkvæmt greiðslufyrirmælum Jóns Ásgeirs [fskj. 25]. Þá heldur Jón Ásgeir því fram að rétturinn sem Gaumur Holding féll frá gegn greiðslu 95 milljón króna hafi verið að verðmæti rúmar 400 milljónir króna [fskj. 26].”*

Jón Ásgeir er spurður hvort rétt sé eftir honum haft í tilvitnuðum texta greinargerðar Hreins Loftssonar.

Jón Ásgeir segir rétt sé eftir honum haft en tölur og útreikningar hafi komið frá innri endurskoðanda Baugs hf.

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra niðurstöður sínar varðandi greiðslur til hluthafa A-Holding SA.

Jón Ásgeir segir að þar sem Kaupþing hafi verið stærsti hluthafinn í A-Holding hafi verið lykilatriði að ná samningi við fulltrúa Kaupþings, Hreiðar Má Sigurðsson svo hægt væri að breyta samningnum frá 4. apríl 2001. Jón Ásgeir segir að vegna þessa hafi Kaupþing verið í stöðu til að fá hæstar bætur fyrir að falla frá ákvæðum sammingsins frá 4. apríl 2001. Aðspurður um ástæðu þess að Gilding hafi ekki fengið bætur vegna þessara breytinga sem urðu á milli samninganna frá 4. apríl 2001 og 10. maí 2001 segir Jón Ásgeir að Gilding hafi ekki verið á meðal stofnhluthafa A-Holding og þeir höfðu ekki gert upp sín mál við Kaupþing varðandi hlutafé.

Jóni Ásgeir er kynnt að yfirheyrslu vegna þess efnisþáttar sé ekki lokið og ákveðið að yfirheyrslu verði fram haldið föstudaginn 6. maí 2005, kl. 17:00.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Ásgeir kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja.


Skýrslutöku lauk kl. 12.11

Staðfest rétt eftir haft:




Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði:




Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Þáttakandi í yfirheyrslunni.



Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi

Verjandi Jóns Ásgeirs:



Gestur Jónsson, hfl.

V/4.14

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | RLS |
|--|---|-----|
| Skýrslu gerir<br>Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi   | Mál nr.<br>006-2002-00086                       |     |
| Staður og stund :<br>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, föstudaginn 6. maí 2005, kl. 17:20 |   |     |
| Sakarefni:<br>Ætlaður fjádráttur – brot á lögum um bókhald                                   |   |     |
| Sakborningur/grunaður:<br>Jón Ásgeir Jóhannesson   | Kennitala:<br>270168-4509                       |     |
| Starf/staða:<br>Forstjóri Baugs Group hf.  | Vinnusími:                                      |     |
| Lögheimili:<br>Laufásvegur 69, Reykjavík   | Sími:<br>696 9999                               |     |
| Dvalarstaður:  | Sími:   |     |

Jón Ásgeir er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs þann 15. júní 2001, sem og viðskipti Baugs hf með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs hf á A-Holding, dótturfélagi Baugs hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að 95 milljón króna greiðslan hafi verið til rannsóknar með tilliti til ákvæða 247. gr. alm. hgl. sem varðar fjádrátt.

Jóni Ásgeiri er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hann ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kýs að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstaddur yfirheyrsluna er Gestur Jónsson, hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs.

Viðstaddur yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi.

Jón Ásgeir kveðst þekkja þessi réttarfarsákvæði. Jón Ásgeir segir að hann vilji ekki tjá sig frekar um það sakarefni sem honum hefur verið kynnt.

Gestur Jónsson hrl. óskar eftir að bóka að við yfirheyrslu þann 3. maí 2005 hafi hann óskað eftir öllum gögnum/skjölum sem varða opinber rannsókn á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Að hálfu rannsóknara hafi því verið heitið að svara erindinu á miðvikudag en það hafi ekki gerst. Gestur segir að um miðjan dag í dag hafi erindi um afhendingu gagna verið ítrekað með tölvupósti. Svar hafi komið í tölvupósti um kl. hálf-fjögur þar sem fram kom að gögnin yrðu við afhent við skýrslutöku sem hefst kl. 5 síðdegis. Gestur segir að hann hafi ráðlag skjólstæðingi sínum að tjá sig ekki um sakarefnið fyrir en hann hefur átt þess kost að kynna sér þau gögn sem nú munu tilbúin til afhendingar.

Jóni Ásgeiri er nú kynnt að hann sé boðaður til yfirheyrslu föstudaginn 13. maí 2005, kl. 10:00. M


Skýrslutöku lauk kl. 18.12.

Staðfest rétt eftir haft:



Jón Ásgeir Jóhannesson


Skýrsluna skráði:



Grímur Grímsson lögreglufulltrúi


07133

Þáttakandi í yfirheyrslunni.



Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi

Verjandi Jóns Ásgeirs:



Gestur Jónsson, hrl.



| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN   | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR | R L S                     |             |
|---|---|---------------------------|-------------|
| Skýrslu gerir<br>Grímur Grímsson, lögreglufulltrúi  |   | Mál nr.<br>006-2002-00086 | V/<br>14.15 |
| Staður og stund :<br>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS, föstudaginn 13. maí 2005, kl. 13:35 |   |                           |             |
| Sakarefni:<br>Ætlaður fjárdráttur – brot á lögum um bókhald                                   |   |                           |             |
| Sakborningur/grunaður:<br>Jón Ásgeir Jóhannesson  |   | Kennitala:<br>270168-4509 |             |
| Starf/staða:<br>Forstjóri Baugs Group hf.   |   | Vinnusími:                |             |
| Lögheimili:<br>Laufásvegur 69, Reykjavík  |   | Sími:<br>696 9999         |             |
| Dvalarstaður:   |   | Sími:                     |             |

Jón Ásgeir er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Honum er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar 95 milljón króna greiðslu úr sjóðum Baugs þann 15. júní 2001, sem og viðskipti Baugs hf. með hlutabréf í Arcadia og uppgjör í tengslum við yfirtöku Baugs-Group hf. á A-Holding, dótturfélagi Baugs hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að 95 milljón króna greiðslan hafi verið til rannsóknar með tilliti til ákvæða 247. gr. alm. hgl. sem varðar fjárdrátt.

Jóni Ásgeiri er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hann ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hann vilji. Áminntur um sannsögli varðandi þau atriði sem hann kys að tjá sig um og fyrir honum brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta. Viðstaddur yfirheyrsluna er Gestur Jónsson, hrl. skipaður verjandi Jóns Ásgeirs.

Viðstaddur yfirheyrsluna og þátttakandi í henni er Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi.

Jón Ásgeir var yfirheyrður varðandi sama efni þann 3. maí 2005 og var yfirheyrslu þá hætt kl. 12:11.

Föstudaginn 6. maí 2005 var fyrirhugað að framhalda yfirheyrslu sem hætt hafði verið þann 3. maí 2005 kl. 12:11. Jón Ásgeir kvaðst þá ekki vilja tjá sig frekar um sakarefnið fyrr en hann hefði kynnt sér gögn varðandi það. Einnig var bókað eftir Gesti Jónssyni hrl. verjanda Jón Ásgeirs að hann hafi ráðlagt skjólstæðingi sínum að tjá sig ekki um sakarefnið fyrr en hann hefði átt þess kost að kynna sér gögn sem tilbúin væru til afhendingar.

Yfirheyrslu var hætt kl. 18:12 föstudaginn 6. maí 2005, gögn varðandi sakarefnið afhent og Jón Ásgeir Jóhannesson boðaður til yfirheyrslu kl. 10:00 föstudaginn 13. maí 2005. Skýrslur vegna yfirheyrslna dags. 3. maí 2005 og 6. maí 2005 liggja frammi.

Jón Ásgeir er nú spurður hvort hann skilji réttarfarsákvæði þau sem honum hafa verið kynnt.

Jón Ásgeir kveðst skilja þau en kveðst um leið mótmæla sakargiftum.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann sé reiðubúinn að tjá sig varðandi það sakarefni sem honum hefur verið kynnt að yfirheyra eigi hann um.

Jón Ásgeir kveðst tilbúinn til þess.

07135

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir því hvernig farið hafi verið með umrædda 95 milljón króna greiðslu í bókhaldi Gaums Holding, þann 15. júní 2001, ef um var að ræða viðbótarþóknun til Gaums Holding í tengslum við yfirtöku Baugs á A-Holding.

Jón Ásgeir kveðst ekki muna nákvæmlega hvernig farið hafi verið með greiðsluna hjá Gaumi Holding. Jón Ásgeir segir að Gaumur Holding hafi þurft að gefa út reikning á Baug hf. vegna þessara greiðslu. Jón Ásgeir segir að í samtölum við starfsmenn Kaupþings í Luxembourg hafi komið fram að Gaumur Holding gæti ekki gefið út reikning þar sem það væri svokallað 1929-félag og FBA-Holding hafi ekki gefið út kvittun til Gaums fyrir innborgun hlutafjár til þess félags. Jón Ásgeir segir að hann muni ekki nú hvernig frá þessu hafi verið gengið. Jón Ásgeir segir að hjá Gaumi Holding séu til gögn sem sýna hvernig frá þessu var gengið. Aðspurður segir Jón Ásgeir að hann minni að greiðslan hafi verið færð sem tekjur af sölu hlutabréfa en Jón Ásgeir ítrekar þó að hann muni þetta ekki vel.

Jóni Ásgeiri er kynnt að með greinargerð sinni dags. 28. maí 2004 hafi Hreinn Loftsson lagt fram ýmis gögn, s.s. reikninga frá Kaupþingi og Íslandsbanka sem má skilja sem svo að séu bætur vegna þess að fallið hafi verið frá kaupréttarsamningnum frá 4. apríl 2001. Þeir reikningar verða nú bornir undir Jón Ásgeir og hann beðinn um að gera nánari grein fyrir hverjum og einum þeirra, þá sérstaklega hvernig megi heimfæra þá undir greiðslu til hluthafa A-Holding fyrir að falla frá fullum rétti sínum gagnvart félaginu, samkvæmt samningnum um kauprétt Baugs frá 4. apríl 2001 og samþykka samninginn frá 10. maí 2001.

Undir Jón Ásgeir eru nú bornir þrír reikningar sem útgefnir voru af Kaupþingi og stílaðir á A-Holding, samtals að fjárhæð um 383 milljónir króna. Allir reikningarnir eru með sama texta "Investment banking services."

Reikningur að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, eða áður en kaupréttarsamningur, dags. 4. apríl 2001, var gerður og áður en endanlegur kaupsamningur var gerður þann 10. maí 2001. Jón Ásgeir er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum reikningi.

Jón Ásgeir segir að hann geti ekki skýrt af hverju reikningurinn sé dagsettur þann 30. mars 2001. Jón Ásgeir segir að honum hafi verið tjáð að ef skoðað sé reikningsnúmer í samhengi við aðra útgefna reikninga Kaupþings þá megi sjá að reikningurinn hafi verið gefinn út í byrjun maí. Jón Ásgeir segir að þessi reikningur ásamt fleirum sé tilkominn vegna þess að Kaupþing hafi fallið frá kauprétti skv. samningi dags. 4. apríl 2001. Aðspurður um texta reikningsins segir Jón Ásgeir að hver sem texti reikningsins hafi verið hafi öllum verið ljóst hvað var verið að innheimta, þ.e. þóknun fyrir að falla frá kauprétti skv. samningi dags. 4. apríl 2001.

Reikningur að fjárhæð 47.000.000 króna, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða þóknun til Kaupþings hf. fyrir þjónustu, samanber skilgreiningu í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí en þar segir að Kaupþing hf. eigi að fá greitt m.a: "*ISK 47,000,000 for arranging the co-operation with Deutsche Bank and for other services in connection with the purchase of Arcadia shares and the establishment of A Holding S.A.*" Jón Ásgeir er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum reikningi.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða þóknun til Kaupþings vegna þess að þeir hafi fallið frá samningi dags. 4. apríl 2001 og gengið að samkomulagi dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir segir að hann geti ekki gert grein fyrir hvernig Kaupþings-menn hafi ákveðið að skilgreina þóknunina í texta og segir að hann geti ekki fullyrt hvort samhengi sé á milli fjárhæðar reikningsins og fjárhæðar þeirra sem tilgreind er í 2. E. í samningnum frá 10. maí 2001. Jón Ásgeir segir að Kaupþing hefði ekki fengið greiddar kr. 47.000.000,00 ef samningurinn frá 4. apríl hefði gilt.

Reikningur að fjárhæð 36.036.612 krónur, dagsettur 25. júní 2001. Virðist sem um sé að ræða greiðslu samkvæmt E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, en þar virðist Kaupþingi falið að greiða allan ógreiddan kostnað A-Holding á samningsdegi. Jón Ásgeir er beðinn um að skýra þetta nánar.

Jón Ásgeir segir að það sé alveg öruggt að Kaupþing hafi ekki lagt út kr. 36.036.612 fyrir A-Holding og þessi reikningur sé eins og hinir tveir fyrri tilkominn þar sem samningi frá 4. apríl hafi verið breytt og við tekið samningur dags. 10. maí 2001.

Undir Jón Ásgeir er borinn samningur milli Baugs Holding S.A. og Kaupþings frá 4. maí 2001 sem varðar aðkomu Kaupþings að kaupum á 20,1% eignarhlut í Arcadia í gegnum A Holding S.A., yfirtöku á öllu hlutafé í Bill's Dollar Stores Inc og til að leita að öðrum vænlegum fjárfestingarmöguleikum í Bandaríkjunum og Evrópu.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann þekki þennan samning og hvort hann geti gert nánari grein fyrir honum.

Jón Ásgeir kveðst þekkja samninginn og segir að hann tengist að hluta þóknun sem Kaupþing var greitt vegna breytinga á samningi dags. 4. apríl 2001. Jón Ásgeir segir að hann vísi því til Kaupþings-manna að gera frekari grein fyrir samningnum.

Jóni Ásgeiri er kynnt að Kaupþing hafi lagt þennan samning til grundvallar þeim reikningi að fjárhæð 300.000.000 króna, dagsettur 30. mars 2001, sem þegar hefur verið borinn undir hann. Varðandi hina tvo reikningana frá Kaupþingi þá hefur lögregla fengið þær skýringar frá þeim starfmönnum bankans sem yfirheyrðir hafa verið að þeir eigi að öllum líkindum við E. lið 2. gr. samningsins frá 10. maí 2001.

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessara skýringa starfsmanna Kaupþings. Jón Ásgeir segir að kr. 300.000.000,00 sem Kaupþing hafi fengið hafi verið þar sem fallið hafi verið frá samningi dags. 4. apríl og við hafi tekið samningur dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir kveðst hafa samið um þessa þóknun við Hreiðar Má Sigurðsson forstjóra Kaupþings og hvernig aðrir starfsmenn bankans hafi svarað geti hann ekki sagt til um. Jón Ásgeir ítrekar að hefði verið farið eftir samningnum frá 4. apríl 2001 hefði ekki komið til greiðslu þessara reikninga sem bornir hafa verið undir hann nú. Jón Ásgeir segir að sér finnst hart að sitja undir þungum ásökunum fyrir að hafa sparað Baugi hf. um 650 milljónir króna á 35 dögum, þ.e. mismun þess sem greiða hefði þurft eigendum A-Holding ef farið hefði verið eftir samningnum frá 4. apríl 2001 og því sem greitt var samkvæmt yngri samningnum.

Undir Jón Ásgeir eru bornir fjórir reikningar sem útgefnir voru af Íslandsbanka og stílaðir á A-Holding. Um er að ræða eftirfarandi reikninga:

Reikningur að fjárhæð kr. 33.175.000,-, dagsettur 5. apríl 2001, vegna ábyrgðarþóknunar til Deutsche Bank, GBP 250.000. Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Jón Ásgeir segir að upphaflega hafi Íslandsbanka átt að innheimta ábyrgðarþóknun fyrir alla eigendur A-Holding en síðar hafi verið ákveðið að Íslandsbanki héldi allri fjárhæðinni í tengslum við breytingu á samningi dags. 4. apríl 2001 en við hafi tekið samningur dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir segir að þó Íslandsbanki hafi borið ábyrgð gagnvart Deutsche Bank hafi aðrir hluthafar A-Holding verið í bakábyrgð í hlutfalli við eign sína í félaginu og samkomulag verið um að ábyrgðarþóknunin ætti að skiptast milli þeirra í samræmi við hlut hvers í ábyrgðinni.

Reikningur að fjárhæð kr. 35.000.000,- dagsettur 14.06.2001, vegna umsaminnar þóknunar fyrir ábyrgð vegna endurkaupasamnings A-Holding við Deutsche Bank.

Jóni Ásgeiri er kynnt að starfsmenn Íslandsbanka sem yfirheyrðir hafi verið hafi sagt að um sé að ræða tvær ábyrgðarþóknarir og hafi sú síðari komið til vegna breyttra forsenda þegar Baugur hf. hafði yfirtekið A-Holding.

Reikningur að fjárhæð 42.046.568, dagsettur 4. apríl 2002, er vegna ábyrgðarþóknunar kr. 34.630.000,- til Íslandsbanka, sem gjaldféll 30. apríl 2001, auk dráttarvaxta kr. 7.416.568,- vegna greiðsludráttis. Í E lið, 2. gr. kaupsamnings frá 10. maí 2001, er ákvæði um að greiða eigi Íslandsbanka þessa ábyrgðarþóknun, ISK 34.630.000.

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningum.

Jón Ásgeir kveðst vísa til fylgiskjals nr. 13, sem tekið var saman af Innra eftirliti Baugs hf., og var meðfylgjandi greinargerð Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004 en þar kemur fram hvað Íslandsbanka var greitt vegna ábyrgðarþóknunar og þóknunar fyrir að falla frá samningi dags. 4. apríl 2001 eða GBP 503.996. Jón Ásgeir kveðst vilja benda rannsóknurum á að samanlögð fjárhæð reikninganna sé mun hærri en sú 1% ábyrgðarþóknun sem starfsmenn bankans segja að hafi verið innheimt. Jón Ásgeir kveðst að öðru leyti vísa til greinargerðar Hreins Loftssonar dags. 28. maí 2004.

Reikningur að fjárhæð kr. 11.143.750,- frá 5. apríl 2002, ábyrgðarþóknun fyrir tímabilið 5. apríl 2002 til 5. maí 2002. Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Jón Ásgeir segir að þessi reikningur sé endanlegt uppgjör Baugs hf. við Íslandsbanka, þ.e. að greiddar hafi verið samtals 35.000.000,00, 42.046.568,00 og 11.143.750,00 til Íslandsbanka sem sé langt umfram það 1% sem Íslandsbankamenn segjast hafa innheimt vegna ábyrgðarþóknunarinnar við Deutsche Bank.

Undir Jón Ásgeir er borin fundargerð stjórnar Baugs frá 4. maí 2001, en þar segir m.a. í 5. tölulið:  
*“JAJ described the proposal to the Board of buying our partners in A Holding which holds 20% in Arcadia, and pay them with shares in Baugur at the rate of 12,6 per share in Baugur. The purchase price would be 9 bill. Icel. kr. and paid with nominal value of shares in Baugur amounting to 446 mill., which equals 5,6 bill. In market value. The difference of 3,4 bill. is a loan from Deutsche Bank to A Holding...”*

*“The Board accepted the proposal to buy out partners in A Holding. The management was instructed to carry out this decision.”*

Jóni Ásgeiri er kynnt að umrædd tillaga hans á stjórnarfundinum virðist fela í sér skýra lýsingu á því hvað eigi að kaupa og hvernig eigi að greiða fyrir kaupin. Framkvæmdastjórn er síðan falið af stjórn félagsins að framkvæma þá ákvörðun.

Jón Ásgeir er spurður hvar í tillögunni og ákvörðun stjórnar Baugs hf. megi finna heimild til framkvæmdastjórnar að greiða hluthöfunum viðbótargreiðslur umfram þá tillögu sem stjórnin samþykkti, svo nemi hundruðum milljóna króna.

Jón Ásgeir segir að fram hafi komið á fundinum, sem haldinn var í New York, að greiða þyrfti hluthöfum A-Holding þóknun fyrir að falla frá samningi dags. 4. apríl 2001 og taka samning dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir segir að þetta komi fram í power-point-kynningu sem hann hafi haldið á fundinum. Jón Ásgeir kveðst vilja benda á að stjórn félagsins skrifði undir ársreiknings félagsins en í ársreikningi 2001 komi fram að kostnaður væri vegna kaupa á A-Holding. Aðspurður segir Jón Ásgeir að um hafi verið að ræða tölu í skýringu nr. 17 þar sem fram kemur að kostnaður vegna kaupanna á A-Holding hafi verið 757 milljónir.

Jóni Ásgeiri er kynnt að ekki sé hægt að finna því stað í fundargerðum stjórnar Baugs frá þessum tíma að ákvörðun hafi verið tekin um að greiða hluthöfum A-Holding viðbótarpóknun umfram umsamið kaupverð við yfirtöku Baugs á A-Holding. Er það í samræmi við þær tilkynningar sem Baugur hefur sent frá sér til Kauphallar Íslands varðandi yfirtökuna á A-Holding. Þá hafa Hreinn Loftsson stjórnarformaður Baugs hf. sem og fyrrverandi stjórnarmenn Baugs, þau Guðfinna Bjarnadóttir og Þorgeir Baldursson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að þau reki ekki minni til þess að rætt hafi verið um slíkar viðbótarpóknarir á stjórnarfundum Baugs. Ennfremur hafi Árni Oddur Þórðarsson, sem starfaði hjá Gildingu á umræddu tímabili, greint frá því við skýrslutöku hjá lögreglu að aldrei hafi verið rætt um neinar viðbótargreiðslur við yfirtökuna, umfram umsamið kaupverð eins og það kemur fram í samningnum frá 10. maí 2001. Hann kvaðst jafnframt hafa setið hluthafafund Baugs þar sem ákvörðun var tekin um að auka hlutafé í félaginu um 500 milljónir að nafnverði til að greiða hluthöfum A-Holding við yfirtökuna. Þar hafi heldur ekki verið rætt um viðbótargreiðslur til hluthafa A-Holding. Þar að auki hafa fyrrverandi hluthafar í A-Holding ekki getað framvísað neinum þeim bókhaldsgögnum eða samningum sem bera það með sér að tengjast slíkum viðbótargreiðslum.

Jón Ásgeir er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Ásgeir segir að varðandi stjórn félagsins þá sé það alveg á tæru að stjórnarmenn hafi vitað að greiða þyrfti hluthöfum A-Holding aukalega fyrir að falla frá samningi dags. 4. apríl 2001 og taka samning dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir segir að endurskoðandi félagsins hafi, á stjórnarfundinum, farið ítarlega í hvað lægi að baki kostnaði við kaup á A-Holding upp á 757 milljónir, sem fram koma í skýringu nr. 17 með ársreikningi frá 2001, og því hafi stjórnarmönnum verið það vel ljóst að í þeirri fjárhæð voru þóknarir til hluthafa A-Holding fyrir að falla frá samningi dags. 4. apríl 2001 og taka samning dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir segir að á stjórnarfundum þann 4. maí 2001 hafi honum verið þakkað sérstaklega að hafa náð samningum við hluthafa A-Holding með þeim hætti sem greinir í samningi dags. 10. maí 2001, þ.e. að hafa sparað félaginu um 650 milljónir frá þeim samningi sem stjórnin skrifaði upp á. Varðandi framburð Árna Odds segir Jón Ásgeir að hluthafafundur sá sem hann vitnar til en þar var ákveðið að auka hlutafé Baugs hf. um 500 milljónir að nafnverði að sá fundur hafi verið haldinn í mars 2001 en þá hafi ekkert legið fyrir um samkomulag við hluthafa A-Holding. Jón Ásgeir segir að Árni Oddur hafi ekki greitt sitt hlutafé í A-Holding og hann minnst þess ekki að hafa verið á fundum með Árni Oddi varðandi A-Holding. Jón Ásgeir segir að Kaupþingsmenn hafi verið í samskiptum við Gildingu. Jón Ásgeir kveðst vilja vekja athygli á því að í framburði Hreins Loftssonar við skýrslutöku hjá lögreglu, dags. 6. apríl 2005 þar sem hann er spurður um heimild stjórnar til að greiða hluthöfum A-Holding aukalega þóknarir komi fram að ákvarðanir stjórnar Baugs hf. hafi falið í sér heimild til samningagerðar.

Jóni Ásgeiri er kynnt að lögreglu hafi borist greinargerð hans dags. 21. september 2004 og verði nú lagðar fyrir spurningar í tengslum við hana.

Jóni Ásgeiri er kynntur eftirfarandi texti úr greinargerð hans: *“Gaumur Holding átti tvímælaust rétt til sambærilegra greiðslna og hinir stofnhluthafarnir í A-Holding höfðu fengið og það er algerlega ljóst að þátttaka og ráðgjöf Gaums í verkefninu var ekki síður mikilvæg en þeirra.”*

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra í hverju ráðgjöf Gaums Holding sem hann nefnir í greinargerð sinni hafi verið fólgin.

Jón Ásgeir segir að Gaumur Holding hafi komið á sambandi við Deutsche Bank og Gaumur Holding hafi fyrstur keypt hluti í Arcadia.

Jóni Ásgeiri er kynntur eftirfarandi texti úr greinargerð hans dags. 21. september 2004. *“Á þeim tíma sem ég gaf greiðslufyrirmælin til Lindu var mér ekki ljóst hvort nauðsynlegt væri að hafa sérstakan reikning eða hvort samningurinn dygði sem færsluheimild.”*

Jón Ásgeir er beðinn um að skýra hvað hann eigi við í ofangreindum texta í ljósi þess að engin ákvæði er að sjá um þessa greiðslu í kaupsamningi og ekki er um að ræða hluta af kaupverði samkvæmt samningi dags. 10. maí 2001.

Jón Ásgeir segir að í þessum texta sé hann að vísa til kostnaðarhluta samningsins, þ.e. þess sem fram kemur í lið 5 í samningi dags. 10. maí 2001 og þá hafi hann verið að vísa til þess að þessi grein nægði til að greiðslurnar væru færðar í bókhaldi Baugs hf.

Jóni Ásgeiri er kynnt að í greinargerð hans dags. 21. september 2001 komi fram eftirfarandi skipting á 95 millj. kr. greiðslu til Gaums Holding: "...ábyrgðarþóknun gangvart lánum A-Holding og var sú ábyrgð metin á 95 þús. GBP, þá átti Gaumur Holding rétt á endurgreiðslu bankakostnaðar upp á 125 þús. GBP, greiðslu fyrir að falla frá rétti skv. viðaukanum 465 þús GBP – sú fjárhæð tók mið af sambærilegu uppgjöri við hina stofnhluthafana í A-Holding - auk annars kostnaðar upp á um 25 þús GBP. Samtals eru þetta um 710 þús GBP eða 95 millj. kr."

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessari skiptingu og hvað hafi legið að baki hverjum lið.

Jón Ásgeir segir að ákveðinn kostnaður hafi orðið til hjá Gaumi Holding þegar bréf í Arcadia voru keypt og síðan lögð inn í A-Holding auk þess sem um var að ræða leiðréttingu vegna þess að bréfin fóru inn í A-Holding á lægra verði en samningar sögðu til um. Jón Ásgeir segir að hann minni að um hafi verið að ræða 1 pensi á hlut sem bréfin voru tekin inn lægra en samningar sögðu til um.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann eigi undirliggjandi gögn sem sýna þá sundurliðun sem fram kemur í greinargerð hans dags. 21. september 2001.

Jón Ásgeir kveðst eiga þau gögn.

Aðspurður um hvort hann sé tilbúinn að afhenda lögreglu þessi gögn kveðst Jón Ásgeir tilbúinn til þess.

Undir Jón Ásgeir eru borin tölvupóstsamskipti milli hans og Kristínar Jóhannesdóttur þann 16. apríl 2003, sem fundust við rannsókn SRS á tölvu Kristínar.

Þar skrifar Jón Ásgeir m.a.: "...Síðan mér vantar 25 mills strax verð að greiða af þessum 95 marg ítrekað..."

Kristín svarar Jóni Ásgeiri og segir m.a.: "...Eitt varðandi þessar 95 millj þá eins og ég hef sagt þér að þá hafa þær ekki verið bókaðar sem krafa frá þér á Gaum. Skiptir þar máli að þessi pen hafa ekki farið í gegnum þitt skattframtal hér og hvaðan eiga þessir pen. að hafa komið? Ef ég læt þig hafa t.d. þessar 25 millj þá eina leiðin að setja það á viðskiptareikn þinn hjá félaginu sem ég vil ekki gera brennd af "meintum" lánum til hluthafa. Ég er reyndar að fá Flugle arðinn væntanlega á þriðjudag og gæti þess vegna greitt þessar 25 millj en það verður að finna einhverja aðra leið en að setja þetta á viðskiptareikn?? "

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum samskiptum og þeim 95 milljónum sem þar eru nefndar.

Jón Ásgeir segir að ekki sé um að ræða sömu 95 milljónir og Gaumur Holding fékk sem þóknun fyrir að falla frá hluthafasamningi A-Holding dags. 4. apríl 2001 og taka samning dags. 10. maí 2001. Jón Ásgeir bendir á að í textanum komi fram að hann hafi þurft að greiða af 95 milljónum sem meðal annars hafi saman staðið af láni sem hann hafi tekið hjá Kaupþingi vegna kaupa á hlut Eyjólfssonar í

FBA Holding. Jón Ásgeir segir að hann hafi í fórum sínum gögn varðandi þetta lán sem hann sé tilbúinn að afhenda lögreglu.

Undir Jón Ásgeir er einnig borinn tölvupóstur frá honum til Kristínar þann 26.02.2003, en þar kemur m.a. fram: "Þá færð þú mikið cash en minni á að mér vantar c.a. 50 milljónir á móti þessum 95."

Jón Ásgeir er beðinn um að gera grein fyrir þessum tölvupóstssamþykktum.

Jón Ásgeir segir að um sé að ræða sama málið og í fyrri spurningu og kveðst hann vísa til þess svars.

Jón er nú spurður hvort hann vilja bæta við framburð sinn varðandi það efni sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Jón Ásgeir kveðst vilja koma því á framfæri að honum finnst dapurlegt að sitja undir þessum ásökunum eftir að hafa sparað Baugi hf. um 650 milljónir.

Gestur Jónsson hrl. óskar eftir því að beint verði til Jóns Ásgeirs spurningum varðandi framburð Hreiðars Mús Sigurðssonar hjá lögreglu dags. 25. nóvember 2004.

Jón Ásgeir er spurður hvort hann hafi rætt þóknarir sem hluthafar í A-Holding fengu fyrir að falla frá samningi dags. 4. apríl 2001 og taka samning frá 10. maí 2001 við Hreiðar Mús Sigurðsson.

"Já, fyrir utan Gaum var Kaupþing banki einn stærsti hluthafi Baugs og viðskiptabanki félagsins og var Hreiðar Mús ítarlega upplýstur um ganga mála hjá félaginu, þar á meðal um þessi viðskipti."

Jón Ásgeir les nú yfir framburð sinn.

Jón Ásgeir hefur nú lesið yfir framburð sinn og komið á framfæri athugasemdum.


Skýrslutöku lauk kl. 17.30

Staðfest rétt eftir haft:




Jón Ásgeir Jóhannesson

Skýrsluna skráði:




Grímur Grímsson lögreglufulltrúi

Þátttakandi í yfirheyrslunni.



Sveinn I. Magnússon lögreglufulltrúi

Verjandi Jóns Ásgeirs:



Gestur Jónsson, hrl.